

861–868 *laus tæki*

Bitplata með kræktum og klemmdum festingum, bogum og þanskrúfu. Blokk (activator complete).

871–879 *aðlögun – viðgerðir*

Meðferð sem á sér stað við áfangaskoðun; stillingar, viðgerðir og endurnýjun.

881–887 *eftirmeðferð*

Föst tæki fjarlægð; samanbit stillt við slípun tanna. Tennur skorðaðar mekð plötu/stoðboga uns tannvegur er að fullu uppbyggður um réttar tennur.

AUGLÝSING

um breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis, er taki gildi frá 1. maí 1992.

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis, nr. 454, 27. september 1991:

Orkugjald samkv. taxta D.2.

Í stað:

		m/VSK
Orkugjald	2,78	(3,46) kr/kWh
Kemur:		
Orkugjald okt.–apríl	2,78	(3,46) kr/kWh
Orkugjald maí–sept.	1,39	(1,73) kr/kWh

Annað í taxta D.2 verður óbreytt.

Iðnaðarráðuneytið, 17. júlí 1992.

F. h. r.

Jón Ingimarsson.

Steinunn Bjarmann.

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs, 1988–2008, Vatnsendi.

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Kópavogs hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 24. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008 frá 23. apríl 1990, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytt er áfangaröð í uppbyggingu athafnasvæða og íbúðasvæðis í landi Vatnsenda.

Bæjarstjórn Kópavogs tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 6. júlí 1992.

F. h. r.

Páll Línald.

Hrafn Hallgrímsson.